

9. gr.

Til að breytingar á reglugerð þessari nái fram að ganga þarf til þess samþykki 2/3 hluta fulltrúa í héraðsnefnd Árnésinga, nema hvað varðar breytingar er beinlínis stafa af breyttri löggjöf.

10. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af héraðsnefnd Árnésinga 14. desember 2001.

Hjörleifur Brynjólfsson,
oddviti héraðsnefndar Árnésinga.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Leirár- og Melahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðiseftirlits Vesturlands, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Ábúendur eða eigendur lögbýla og íbúða fá afhenta 360 lítra tunnu fyrir heimilisúrgang sem losað verður á um það bil 10 daga fresti. Eigendur sumarbústaða og hjólhýsa, sem notuð eru sem sumarbústaðir og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma heimilisúrgangi í gáma eða ker sem sveitarfélagið tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

3. gr.

Í sorpgáma og tunnur má aðeins setja heimilisúrgang.

4. gr.

Óheimilt er að setja í gámana, kerin eða tunnurnar mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Þess konar úrgang sem fellur til skal koma með á afmarkað svæði í þar til gerða gáma eða á viðurkenndan móttökustað samkvæmt nánari fyrirætlun sveitarstjórnar og heilbrigðiseftirlits. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

5. gr.

Leirár- og Melahreppur skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er hreppnum heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu eða fyrirtæki miðað við fjölda sorpláta eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Leirár- og Melahreppur skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðiseftirlits eða oddvita hreppsins.

7. gr.

Brjótí eigandi eða umráðamaður eignar ákvæði samþykktar þessarar um meðferð úrgangs skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar eða heilbrigðiseftirlits Vesturlands, sem gera viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Óheimilt er sorphirðumönnum eða öðrum að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs., sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Norðurorku fyrir heitt vatn.

1. gr.

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt verðskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn.

2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 95.